

## Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Kirkjugarða Reykjavíkur styður heildarstefnu fyrirtækisins. Meginmarkmið jafnréttisstefnu er að stuðla að jafnrétti kynjanna og koma í veg fyrir misrétti milli ólíkra hópa innan fyrirtækisins. Það er skýlaus stefna Kirkjugarða Reykjavíkur að greiða starfsfólki jöfn laun og að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Þannig eru laun og kjör ákveðin án tillits til kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, kynhneigðar, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta. Markmið stefnunnar er jafnframt að styðja við hugmyndina um opinn faðm og að Kirkjugarðar Reykjavíkur séu eftirsóknarverður vinnustaður þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri.

Megináherslur í jafnréttismálum eru:

- **Jöfn laun**  
Að greiða starfsfólki jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni, kynþætti, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, kynhneigð, aldri og öðrum ómálefnalegum þáttum
- **Sömu möguleikar**  
Að allir njóti sömu möguleika á lausum stöðum, á þátttöku í starfshópum og nefndum og til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar óháð kyni, kynþætti, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, kynhneigð, aldri og öðrum ómálefnalegum þáttum
- **Jafna hlutfall kynja**  
Að leitast við að jafna hlutfall kynja eins og frekast er unnt
- **Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs**  
Að starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu
- **Einelti, áreitni og ofbeldi**  
Að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir einelti, ofbeldi og áreitni, þar á meðal kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni, á vinnustað
- **Forvarnir**  
Að starfsfólk fái fræðslu meðal annars um stefnur fyrirtækisins, þar á meðal jafnréttisstefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað

Jafnréttishópur starfar innan fyrirtækisins og er það hlutverk hans að fylgja því eftir að jafnréttisstefna sé virt. Jafnréttisstefna skal endurskoðuð á þriggja ára fresti samhliða jafnréttisáætlun, næst í nóvember 2026.